

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

421. fundur

Föstudaginn 13. febrúar 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Ungmennafargjöld..
2. Ungmenni á Kjalarnesi.
3. Lífeyrissjóðsuppgjör.
4. Fjármál Strætó.
5. Pant 2025.
6. Ábendingar ytri endurskoðenda.
7. Stefnuráðsfundur.
8. Nýtt félag.
9. Reykjavegur- endastöð.

1. Ungmennafargjöld

Lögð var fram útskrift úr fundargerð Reykjavíkurborgar, dagsett 3.2.2026 um að gjaldfrjálst verði í Strætó fyrir reykvísk ungmenni á grunnskólaaldri. Umræður urðu um málið, stjórn óskar eftir minnisblaði um málið í samræmi við umræður á fundinum.

2. Ungmenni á Kjalarnesi

Frá og með síðustu áramótum var aðskilið alveg á milli greiðslukerfa í landsbyggðarstrætó og höfuðborgarstrætó. Hefur haft áhrif á ungmenni á Kjalarnesi sem þurfa nú að greiða fargjald í bæði kerfin. Á sama tíma verður tíðni leiðar 29 aukinn upp á Kjalarnes til að koma á móts þarfir íbúa Kjalarnes.

3. Lífeyrissjóðsuppgjör

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á lífeyrissjóðsmálum tengt uppgjöri Strætó gagnvart Reykjavíkurborg og lífeyrissjóðnum Brú. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að óska eftir frekari gögnum og ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum

4. Fjármál Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir sölutekjur í janúar en tekjur eru um 2% undir áætlun. Jafnframt var farið yfir stöðu uppgjörsmála við akstursaðila vegna seinkanna í leiðarkerfinu og áhrif kílómetrargjalds á uppgjör. Kostnaður Strætó er sambærilegur fyrir og eftir breytingu þó eykst lítillega kostnaður við rekstur rafvagna með upptöku kílómetrargjalds.

5. Pant yfirlit

Sturla Halldórsson, deildarstjóri Pant kom á fundinn og fór yfir tölfræði ársins 2025. Farið var yfir skýrslu um samanburð akstursþjónustu milli sveitarfélaga, sem stjórn SSH óskaði eftir. Framkvæmdastjóra sendir skýrsluna á SSH.

6. Ábendingar ytri endurskoðenda

Framkvæmdastjóri lagði fram viðbrögð stjórnenda Strætó við ábendingum ytri endurskoðenda.

7. Stefnuráðsfundur

Boðað hefur verið til stefnuráðsfundar Strætó þann 20.2 n.k. Umræður um málið.

8. Nýtt félag - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og hvað væri fram undan.

9. Reykjavegur - endastöð

Fjöldi vagna á endastöð leiðar 15 í Mosfellsbæ er meiri en stöðin ræður við. Í samráði við akstursaðila hefur verið leitað leiða til að fækka þeim, en ljóst er að þörf er á bílastæðum á stæðunum til að leggja vögnum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita leiða til að leysa þetta og óska eftir lóð þar sem hægt er að leggja tímabundið vögnum.

Fundi slitið 09:45.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson